



# Framkvæmda- fréttir 2. tbl. /19



Hringvegur (1) við Núpsvötn, mynd tekin 21. ágúst 2015. Merkingar verða nú auknar og hámarkshraði lækkaður í 50 km/klst. við þessa einbreiðu brú og aðrar þar sem umferð er meiri en 300 bílar á sólarhring (ADU).

## Hámarkshraði lækkaður við einbreiðar brýr og öryggisaðgerðir auknar

Áður birt að hluta á [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) 11.01.2019

Vegagerðin hefur ákveðið að lækka hámarkshraða í 50 km/klst. við allar einbreiðar brýr á þjóðvegum þar sem umferð er meiri en 300 bílar á dag að jafnaði alla daga ársins (ÁDU). Um er að ræða 75 einbreiðar brýr, um helmingur á Hringvegi (1). Þá verður viðvörðunarkerkjum breytt og einnig bætt við texta á ensku á undirmerkjum. Kostnaður við merkingar er áætlaður um 70-80 m.kr.

Vegagerðin hefur einnig ákveðið að yfirfara hámarkshraða á þjóðvegum í dreifbýli og breyta honum til lækunar reynist þess þörf eða fjölga merkingum um leiðbeinandi hraða. Þá verður gerð úttekt á vegriðum á öllum brúm á stofn- og tengivegum. Lagfæringum verður forgangsraðað eftir ástandi brúnna og aðstæðum á hverjum stað eftir því sem svigrúm er í fjárheimildum

Eftir sem áður gildir sú gullvæga regla að ávallt ber að haga akstri eftir aðstæðum.

Heildarfjöldi brúa á þeim þjóðvegum sem teljast til stofn- og tengivega er 892. Af þessum brúm teljast 423 vera einbreiðar, þ.e. 5 metrar að breidd eða mjórri (409 brýr eru 4 metrar að breidd eða mjórri, 12 eru á milli 4 og 5 metrar að breidd og tvær eru 5 metrar að breidd.). Mikil áhersla er lögð á að fækka einbreiðum brúm en ljóst er að langan tíma mun taka að útrýma þeim. Á undanförunum þremur árum hefur staðið yfir áttak varðandi bættar merkingar við einbreiðar brýr, sem m.a. felst í uppsetningu blikkljósna, og hafa nú allar brýr á Hringvegi verið merktar á sambærilegan hátt og sama gildir um nokkrar brýr utan Hringvegur.

Hingað til hefur leyfilegur hámarkshraði við einbreiðar brýr

[Útboðsvefur.is](http://Útboðsvefur.is) - Opinber útboð

Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum [Útboðsvefur.is](http://Útboðsvefur.is) og [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is) en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.

### Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 2. tbl. 27. árg. nr. 692 15. feb. 2019

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**G. Pétur Matthíasson**  
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
[askrift@vegagerdin.is](mailto:askrift@vegagerdin.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-  
framkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er  
birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum.  
Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá  
stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra  
lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði.  
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og  
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



▶ einungis verið lækkaður í undantekningartilvikum en nú verður 50 km/klst. hámarks hraði ef umferð er meiri en 300 bílar á dag (ÁDU). Hraðalækkunin tekur gildi þegar búið verður að setja viðeigandi hraðamerki upp við brýrnar sem verður unnið jöfnum höndum á næstu mánuðum. Jafnframt verður viðvörðunarkerkjum við brýrnar breytt þannig að merkið A14.11 (*Vegur mjókkar*) verður sett í stað A99.11 (*Önnur hættu*). Auk þess verður undirmerki sem nú er tengt viðvörðunarskiltunum endurskoðað þannig að þar verði einnig enskur texti. Alls er um að ræða 75 brýr þar af eru 37 á Hringvegi (1), sjá kort í næstu opnu.

Byrjað verður á Hringvegi meðfram suður-

ströndinni að Jökulsárlóni en þar eru jafnframt þær einbreiðu brýr sem hafa hvað mesta umferð.

Vegagerðin mun yfirfara leyfilegan hámarks- hraða á þjóðvegum í dreifbýli, með tilliti til gæða veglínu og annarra aðstæðna. Að þessari greiningu lokinni mun verða metið hvort ástæða sé til að breyta leyfilegum hámarks- hraða á tilteknum köflum þjóðvegakerfisins eða fjölga merkjum sem sýna leiðbeinandi hraða.

Hafin verður úttekt á ástandi vegriða á öllum brúm (einbreiðum og tvíbreiðum) á stofn- og tengivegum og í kjölfarið gerð áætlun um nauðsynlegar lagfæringar, sem unnið verður að í áföngum, miðað við forgangsröðun sem mun m.a. byggjast á ástandi vegbúnaðar og umferð. ■





Gul blikkljós við einbreiðar brýr hefur bætt öryggi til muna og verða nú við allar brýr með umferð meiri en 300 ÁDU.




Árið 1991 var merking á Hringvegi (1) við einbreiða brú, Laxá í Kjós í Hvalfirði, með þessum hætti en eftir 1995 var gert átak til bóta.

Uppsett merkjaspjöld við einbreiða brú þar sem umferð er meiri en 300 ÁDU verða nú 36, talsins Aðstæður, sjónlengdir og umhverfi, verða metnar sérstaklega við hverja brú og merkingarnar hannaðar.



Aðvörðunarkerki við einbreiðar brýr verða nú með þessum hætti við vegi þar sem umferð er meiri en 300 ÁDU.

Þessar merkingar við einbreiðar brýr voru teknar upp í reglugerð 1995 og þóttu til bóta eftir mörg slæm slys. Svona merki verða áfram uppi við umferðarminni brýr fyrst um sinn en skipt út við eðlilega endurnýjun.



Dýrafjörðargöng, staða framkvæmda 10. febrúar 2019. Búið er að sprengja samtals 4.531,5 m sem er 85,5% af heildarlengd ganganna.

Heildarlengd ganga í bergi 5,3 km, vegskálar ekki meðtaldir.




# Einbreiðar brýr

Umferð yfir 300 bílar  
að meðaltali á dag (ÁDU).  
Endurbætur á merkingum.



- Bundið slitlag í lok árs 2017
- Þjóðvegir með malarslitlagi
- Einbreiðar brýr, 50 km/klst.  
Vegnúmer stendur fyrir framan brúarheiti,  
fyrir aftan er lengd brúar í metrum



05.02.2019 - VAI





## Niðurstöður útboða

### Reykjanesbraut (41), vegamót við Hafnarfjarðarveg 19-004

Tilboð opnuð 5. febrúar 2019. Breytingar á vegamótum Reykjanesbrautar og Fjarðarhrauns við Kaplakrika í Hafnarfirði. Verkið felst í tvöföldun vinstri beygju frá Fjarðarhrauni inn á Reykjanesbraut til austurs og nýrri aðrein meðfram Kaplakrikalæk.

Helstu magnþölur eru:

Skeringar	2.150 m <sup>3</sup>
Styrktarlag	1.600 m <sup>3</sup>
Burðarlag	600 m <sup>3</sup>
Malbikun	7.400 m <sup>2</sup>
Kantsteinar	1.000 m
Vegrið	880 m
Stoðveggur	60 m
Endafrágangur undirganga	

Breytingum í vegamótum skal vera lokið 15. júlí 2019. Frágangi utan vega skal vera lokið 1. ágúst 2019.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Ístak hf., Reykjavík	179.011.917	159,8	50.212
3	Gleipnir verktakar ehf., Reykjavík	158.877.500	141,9	30.078
2	PK verk ehf., Kópavogi	132.966.880	118,7	4.167
1	Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	128.800.000	115,0	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	112.000.000	100,0	-16.800

### Akureyri – Tangabryggja lenging til suðurs 2019 18-116

Tilboð opnuð 18. desember 2018. Hafnasamlag Norðurlands óskaði eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir og magnþölur eru:

Steypa 51 ankersplötur.

Niðurtekt á grindarmastri, 12 m.

Upptekt á grjótvörn, um 900 m<sup>3</sup>.

Dýpkun framman við nýja stálþilslínu niður í kóta -6,0, um 4.000 m<sup>3</sup>.

Niðurrif á Sverrisbryggju framán Bústólpa.

Niðurrif og uppsetning fjögurra stormpolla.

Reka niður 128 tvöfaldar stálþilsplötur af gerð AZ32 -750 og ganga frá stagbitum og stögum.

Rekstur á 21 tvöfaldar stálþilsplötur af gerðinni AZ20-700 sem bakþil.

Jarðvinna, fylla upp fyrir innan þil um 6.000 m<sup>3</sup>.

Steypa um 216 m langan kantbita með pollum, kanttré, stígum og þybbum.

Stálþilsrekstri skal lokið fyrir 1.mái 2019 og verkinu í heild eigi síðar en 1. júlí 2019.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Köfunarþjónusta Sigurðar ehf., Reykjanesbæ	195.859.100	112,0	27.442
---	Áætlaður verktakakostnaður	174.886.400	100,0	6.469
1	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	168.417.500	96,3	0



## Efnisrannsóknir og efniskröfur - leiðbeiningar við hönnun, framleiðslu og framkvæmd

### Ný útgáfa komin út og námskeið í mars

Endurskoðuð útgáfa af Efnisgæðaritinu „Efnisrannsóknir og efniskröfur – leiðbeiningar við hönnun framleiðslu og framkvæmd“ er komin á vefslóðina:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/efnisrannsoknir/>.



Gunnar Bjarnason



Pétur Pétursson

Efnisgæðaritið er endurskoðað árlega og gerðar breytingar í samræmi við breytingar á framleiðslustöðlum og nýjustu niðurstöður rannsókna sem að hluta til eru kostaðar af rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar.

Sérstaklega má nefna að nú er bætt við viðauka 10 sem nefnist „Berggreining og gæðaflokkun“ og er íslenska berggreiningarkerfið birt þar eftir nokkuð ýtarlega endurskoðun. Af öðrum breytingum er vert að nefna eftirfarandi atriði.

Settar eru fram nýjar markalínur fyrir hálkvarnarsand. Einnig eru nú birtar markalínur fyrir sprengt og flokkað berg og sprengt og malað berg í fyllingu. Kröfur eru hertar fyrir burðarþol og þjöppun styrktarlags og burðarlags mælt með plötuprófi. Það getur kallað á nýja nálgun við hönnun, uppbyggingu og þjöppun þessara laga veghlotsins, sérstaklega á vegum með mikla umferð. Bætt er við frávikskröfum fyrir kornadreifingu

í þeim tilvikum sem markalínur gilda ekki. Settar eru fram leiðbeiningar um það í hvaða tilvikum veghönnuður geti rökstutt þá ákvörðun að slaka á efniskröfum fyrir burðarlag, sérstaklega varðandi styrk steinefna. Bætt er nokkuð við umfjöllun um það hvaða slitlagsgerðir hæfa fyrir mismundi umferðaralag. Markalínur fyrir malarslitlag eru endurskoðaðar og birtar nýjar markalínur fyrir 0/11 mm malarslitlagsefni. Fyrir klæðingu eru settar inn leiðbeiningar um að „gamla viðloðunarprófið“ sé ekki notað nema fyrir vegi með lítilli umferð (ÁDU < 500). Þá eru breytingar gerðar á malbikskaflanum og má þar nefna að settar eru fram leiðbeiningar um það hvernig má leiðrétta magn mélu (e. Filler) miðað við rúmþyngd hennar. Einnig eru nú settar fram tvenns konar kröfur sem byggja á gerðarprófunum á hjólfaradýpt, bæði hámarkshjólfaradýpt og skrið á hverjum 1.000 umferðum síðustu 5.000 umferðirnar. Í útboðsgögnum verður þá hægt að tilgreina bæði kröfugildin eða velja annað þeirra, enda er góð fylgni á milli þeirra.

Viðauki 4 hefur verið endurskrifaður með hliðsjón af breytingum á evrópskum framleiðslustöðlum sem gilda um steinefna- og malbiksframleiðslu. Þar eru veittar upplýsingar um framleiðslustaðlana og um stöðuna varðandi endurskoðun Evrópustaðla. Íslenskur fylgistaðall nr. 75 fyrir malbik er í endurskoðun og verður gefinn út vorið 2019. Íslenskur fylgistaðall nr. 76 fyrir steinefni er einnig í endurskoðun en ný útgáfa hans verður að biða þar til nýir framleiðslustaðlar hafa verið gefnir út. Birtar eru bæði pdf og word útgáfur Efnisgæðaritsins til að gefa mönnum kost á að afrita texta, tölur og myndir til birtingar í útboðsgögnum.

Þann 29. mars 2019 kl. 9:30 – 17:00 mun verða haldið ▶




Brúavinnuflokkur Vegagerðarinnar frá Hvammstanga vinnur nú að gerð 60 m stokks fyrir Tjarnará á Vatnsnesi. Stokkurinn kemur í staðinn fyrir lélega einbreiða brú. Vegagerð yfir stokkin er á lista yfir fyrirhuguð útböð.

- ▶ námskeið um Efnisgæðaritið. Dagskráin verður auglýst síðar. Námskeiðið er ætlað þeim sem koma að hönnun, framleiðslu, framkvæmd og eftirliti í vegagerð. Markhópurinn eru starfsmenn Vegagerðarinnar, verkfræðistofa, sveitarfélaga, verktaka og framleiðenda sem vinna með bundin og óbundin vegagerðarefni.

Námskeiðið verður haldið í Mótorskálanum, húsakynnum Vegagerðarinnar í Borgartúni 7. Fyrirlesarar verða Gunnar Bjarnason forstöðumaður jarðefnadeildar Vegagerðarinnar og

Pétur Pétursson hjá PP ráðgjöf. Þátttöku skal tilkynna fyrir 22. mars með tölvupósti til [gunnar.bjarnason@vegagerdin.is](mailto:gunnar.bjarnason@vegagerdin.is) þar sem fram kemur nafn, tölvupóstfang og vinnuveitandi. Námskeiðsgjald er 30.000 kr. Innifaldar eru kaffiveitingar, en ekki hádegisverður. Kennslugögn verða birt á heimasíðu Vegagerðarinnar eftir að námskeiðið hefur verið haldið á vefslóðinni <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/efnisrannsoknir/>. Sérstök vottun verður afhent þeim sem sækja námskeiðið. ■



Nú þegar Vaðlaheiðargöng hafa verið tekin í notkun hafa orðið nokkrar breytingar á vegnúmerum. Hringvegur (1) fer nú um jarðgöngin og tengist eldri Hringvegi rétt vestan við brú yfir Fnjóská í Fnjóskádal. Greinivíkvegur (83) byrjar nú við hringtorg við jarðgöngin í Eyjafirði og endar á Greinivík. Nýtt vegheiti er Vikurskarðsvegur (84) og liggur hann frá Greinivík um Vikurskarð að Hringvegi í Fnjóskádal.





Gamla myndin er samsett úr tveimur myndum úr safni Geirs G. Zoëga sem voru teknar árið 1933 þegar varnargarðurur var byggður frá nýrri brú á Markarfljóti að Stóra-Dímon. Þessar myndir hafa áður verið birtar í þessu blaði, síðast í 9. tbl. 2010 þegar haldið var upp á 100 ára afmæli fyrstu varnargarða við Markarfljót. Við nánari skoðun á þessum myndum kom í ljós að hægt var að setja þær saman eins og hér er gert. Birtan í myndunum var aðeins mismunandi svo það þurfti að tóna þær saman. Photoshop bíður upp á sjálfvirka samsetningu svona mynda en ekki var hægt að nota þann möguleika í þessu tilfalli. Menirnir brengluðust í samsetningunni og því voru myndirnar klipptar saman „handvirkt“. Það var skemmtilegt að fást við það verkefni.

Nýja myndin var tekin 14. september sl. og er líka samsett. Eins og sjá má vantar nokkuð upp á fulla breidd og dýpt miðað við gömlu myndirnar. Það er erfitt að ná sömu gæðum og gömlu myndavélalinsurnar höfðu.

En það er ekki fyrr en komið er á staðinn að maður áttar sig á því til fulls því líkt mannvirki þessi garður er. Til að ná þessu sjónarhorni var ekið á bíl eftir garðinum til norðurs frá gömlu Markarfljótsbrúnni þar til fjöllin bak við Fljótshlíðina bera rétt í

hornið á Stóra-Dímon. Þá er meira en helmingur garðsins að baki en hann er alls um 2 km. Myndirnar segja því bara hálfu söguna um stærð þessa mannvirkis. Það þarf að reikna það út hve marga hjólbörufarma hefur þurft allan garðinn. Það er hægt að ímynda sér því lík þrekraum það hefur verið að standa í þessum mokstri mánuðum saman. Myndin segir mikla sögu um verklag og verkferi

þessa tíma. Sjá má að hjólbörurnar eru með stálhjólum og það liggur renna fyrir hjólið í brautinni. Snúra markar fyrir fyllingunni að neðan. Efninu er ekið í gegnum gáttir á fyllingunni og síðan væntanlega mokað upp í fulla hæð.

Eins og sjá má er garðurinn grjóttvarinn þeim megin sem fljótið streymir. Þetta grjót var fengið úr námu í Stóra-Dímon og flutt á

staðinn á litlum vörubílum. Það eru til myndir frá því grjótnámi og voru tvær þeirra birtar í áður nefndu tölublaði.

Á gömlu myndinni má sjá að aurarnir eru frekar gróðurvana en líklega hefur fljótið farið þarna yfir í flóðum. Nú er þarna samfelld gróðurþekja. Það er ómælt gagníð sem hefur orðið af þessum gróðum sl. öld.





## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða á Útboðsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
19-038 Kantsláttur á Suðursvæði 2019-2020, þjónustustöð Vík	2019
19-037 Kantsláttur á Suðursvæði 2019-2020, þjónustustöð Selfossi	2019
19-036 Kantsláttur á Suðursvæði 2019-2020, þjónustustöð Hafnarfirði	2019
19-035 Grassláttur á Suðursvæði	2019
19-034 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur, eftirlit	2019
19-003 Hringvegur (1) um Ölfusá - sandblástur og málun grindar	2019
19-005 Grafningsvegur efri (360), Úlfjótsvatn – Hagavík	2019
19-006 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Einholtsgvegur – Biskupstungnabraut	2019
19-007 Krýsuvíkurvegur (42) um Vatnsskarð	2019
19-008 Laugarvatnsvegur (37), Biskupstungnabraut – Þóroddsstaðir	2019
19-009 Snæfellsnesvegur (94) um Skógarströnd	2019
19-010 Strandavegur (643), Litla-Kleif í Norðurfirði	2019
19-011 Grímarstaðavegur (5371), Hvanneyri – Hvítárvallabru	2019
19-012 Mófellsstaðavegur (507), Borgarfjarðarbraut – Hreppslaug	2019
19-013 Akranes, Breiðin - sjóvörn	2019
19-014 Grindavík - sjóvarnir 2019	2019
19-015 Seltjarnarnes - sjóvarnir 2019	2019
19-016 Dalvíkurbyggð - sjóvarnir 2019	2019
19-017 Ólafsvík - lenging Norðurgarðs	2019
19-018 Vatnssnesvegur (711) um Tjarnará	2019
19-019 Dettifossvegur (862), Hólmatungur – Ásheiði	2019
19-020 Norðausturvegur 85, Finnafljórdur – Bakkafjörður	2019
19-021 Yfirlagnir á Suðursvæði 2019, klæðing	2019
19-022 Yfirlagnir á Vestursvæði 2019, klæðing	2019
19-023 Yfirlagnir á Norðursvæði 2019, klæðing	2019
19-024 Yfirlagnir á Austursvæði 2019, klæðing	2019
19-025 Hjólafarafyllingar og axlaviðgerðir, Suðursvæði og Austursvæði 2019	2019
19-026 Hjólafarafyllingar og axlaviðgerðir, Vestursvæði og Norðursvæði 2019	2019

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
19-027 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2019, blettanir með klæðingu	2019
19-028 Yfirlagnir á Suðursvæði malbik 2019	2019
19-029 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2019, malbik	2019
19-030 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2019, malbik	2019
19-031 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2019, repave-fræsun og malbik	2019
19-032 Yfirlagnir þjóðvega 2019, malbik	2019

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
19-040 Fjarðabyggð - Neskaupstaður, endurbygging Togarabryggju 2019	11.02.19	26.02.19
19-033 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur EES útboð	11.02.19	19.03.19

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
18-004 Reykjanesbraut (41), vegamót við Hafnarfjarðarveg	21.01.19	05.02.19
19-002 Fjarðabyggð - Eskifjörður, Netagerðarbryggja, þekja 2019	07.01.19	31.01.19
19-001 Grundarfjörður - lenging Norðurgarðs, sjófylling 2019	04.01.19	22.01.19
18-117 Reykjavegur (355), Biskupstungnabraut – Laugarvatnsvegur	10.12.18	08.01.19
18-116 Akureyri – Tangabryggja lenging til suðurs 2019	03.12.18	18.12.18
18-031 Djúpvvegur (61), Leiti – Eyri	26.11.18	11.12.18
18-114 Húsavík, sjóvarnir undir bökkum 2018	19.11.18	04.12.18
18-115 Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95), brú á Breiðdalsá	19.11.18	04.12.18
18-100 Snæfellsbær, Arnarstapi, dýpkun	23.07.18	14.08.18

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
18-113 Hringvegur (1), Biskupstungnabraut – Hveragerði, 1. áfangi - eftirlit <i>Verkis hf., Reykjavík kt. 611276-0289</i>	18.12.18	14.01.19
18-032 Skorradalsvegur (508), Vatnsendahlíð – Dagverðarnes <i>Þróttur ehf., Akranesi kt. 420369-3879</i>	20.12.18	07.02.19

Öllum tilboðum hafnað
18-127 Landeyjahöfn Dredging February 2019